

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótageiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmann sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

PACTA
L Ö G M E N N

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar | www.pacta.is

Kannaðu rétt þinn til bóta

Hefur þú lent í slysi?

eldhúsdagur

FRÉTTABLAÐIÐ

EFNI BLAÐSINS

MIDVIKUDAGUR 15. apríl 2009

Sjö stórverkefni

Árni Sigfússon

Í Reykjanesbæ eru sjö stórverkefni í atvinnusköpun langt komin, skrifar Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ. Störfín séu ólík en eiga það öll sameiginlegt að geta skapað þúsundir vel launaðra starfa. Verkefni séu fjölbreytt en byggja samt á sérstöðu svæðisins, ýmist í auðlindum náttúrunnar, sem okkur þykir vænt um, aðstöðu eða menningu fólksins. Þau þurfi öll stuðning næstu ríkisstjórnar.

Í trúnaði

Svandís Svavarsdóttir

Kjörnum fulltrúum er trúnaði fyrir almannahagsmunum og eignum og er ætlað að fara með þetta af trúmennsku og heiðarleika, skrifar Svandís Svavarsdóttir. Stjórnmalaflokkar sem missa sjónar á grundvallaratriðunum og trúnaðarsambandi við kjósendur þurfa að endurskoða sitt hlutverk og erindi í stjórnmalum. Eftir hrúnið, á nýjum byrjunarreit samfélagsins, þarf að byggja á heilindum.

Á „trúnó“

Einar K. Guðfinnsson

Það hefur verið nokkuð fróðlegt að fylgjast með því hvernig ástir Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa þróast, að mati Einars K. Guðfinnssonar. Hann minnir á hvernig Steingrímur galt varhug við AGS og kallaði kjörin sem hann bauð upp á ógnarskilmála. Nú sé komið annað hljóð í strokkinn.

Sök bítur sekan

Ellert B. Schram

Það þarf enginn að láta eins og fréttir af siðlausum og himinháum styrkveitingum til Sjálfstæðisflokksins komi sér á óvart, skrifar Ellert B. Schram. Þetta sé afsprengi þess valds, sem þjóðin hefur fært einum stórum stjórnmálaflokki og þess hugsunarháttar að sá sem ræður komist upp með allt.

Eldhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnrýnar greinar á netfangið greinar@frettabladid.is

Stóriðja

Draumalandið, Landsvirkjun og orkuverð

JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON
stjórnarformaður
Landsvirkjunar
1997-2007



Nú stendur yfir kynning á kvikmyndinni Draumalandinu og fara aðstandendur hennar mikinn í umfjöllun sinni um málið. Sjálfsagt er eðlilegt að aðilar sem hafa lagt mikla fjármuni undir í framleiðslu á kvikmynd leggi hart að sér við að koma henni á framfæri en menn verða að gæta hófs í málflutningi og fara með rétt mál. Í nýlegu viðtali við Sigurð Gísla Pálmason, framleiðanda myndarinnar, kemur ýmislegt fram sem ástæða er að gera athugasemdir við.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar

Sigurður segir m.a. „...og Landsvirkjun er tæknilega gjaldþrota“. Hvað á hann við með því? Almennt er talað um gjaldþrot þegar skuldir fyrirtækis eru hærrí en eignir og það getur þar með ekki staðið við skuldbindingar sínar. Lítum á nokkrar staðreyndir úr reikningum Landsvirkjunar fyrir síðasta ár. Landsvirkjun gerir upp í USD (Bandaríkjadólar) og yfirfærslur í íslenskar krónur í greininni eru á meðalgengi ársins 2008.

1. Í lok síðasta árs var eigið fé Landsvirkjunar tæplega 1,4 milljarðar dollara eða um 119 milljarðar í íslenskum krónum sem gerir 30% af efnahag fyrirtækisins. Eiginfjárstaða fyrirtækisins hefur ekki lækkað við Kárahnjúkavirkjun en það segir mikið um mat á framkvæmdinni samkvæmt ströngum alþjóðlegum uppgjörstuðlum.

2. Skuldir fyrirtækisins höfðu lækkað á síðasta ári um tæplega 300 milljónir dollara eða um rúma 26 milljarða íslenskra króna sem sýnir mikla getu til að greiða niður skuldir.

3. Fyrirtækið ræður yfir handbæru fé og eigin aflafé til að borga af öllum sínum lánum út árið 2010 og getur því samkvæmt því staðið við allar sínar skuldbindingar mun lengra fram í tímann en almennt er um fyrirtæki

4. Skuldir Landsvirkjunar voru um 3,2 milljarðar dollara í lok síðasta árs eða 285 milljarðar í íslenskum krónum. Miðað við það sem við höfum séð af skuldbindingu íslenskra fyrirtækja að undanförunu (þúsundir milljarða) er þá ekki dálítið mikið í lagt að segja að þessi skuldbinding hafi „átt stóran þátt í að setja íslenskt efnahagslíf á hliðina“ eða „... skuldbinding okkur upp í rjáfur



Í nýlegu viðtali við Sigurð Gísla Pálmason, framleiðanda myndarinnar, kemur ýmislegt fram sem ástæða er að gera athugasemdir við.

til að geta þjónað þessum erlendu fyrirtækjum um rafmagn“ eins og Sigurður Pálmi segir!

5. Þá verður einnig að taka tillit til getu fyrirtækisins til að greiða niður skuldir með eigin aflafé en með því getur efnahagur fyrirtækisins verið í góðu jafnvægi innan fárra ára og fyrirtækið, í eigu þjóðarinnar, gæti við þær aðstæður ráðstafað háum fjárhæðum í þágu eigenda sinna á hverju ári.

Það er vissulega hægt að reikna hlutina út frá þeirri stöðu að aðstæður íslenska ríkisins, og þar með lánshæfismat, og horfur á alþjóðlegum lánamörkuðum verði eins á árinu 2011 og þær eru í dag; en mér sýnist að ályktanir Sigurðar Pálma séu fengnar á þann hátt. Á hitt ber að líta að við þær aðstæður væri lítið eftir af íslensku atvinnulífi og miðað við efnahagslegan styrk og greiðslugetu þá væri Landsvirkjun eitt það síðasta sem félli. Við þessi skilyrði væri hvorki verið að auka við rafmagnsframleiðslu

eða framleiða nýjar kvikmyndir. Enda er það svo að engir sérfræðingar, innlendir eða erlendir, spá þessari stöðu í efnahagsmálum.

Gott verð fyrir raforkuna

Sigurður Pálmi segir: „[Þ]að er verið að selja orkuna á miklu lægra verði en til dæmis í Suður-Ameríku.“ Hvernig getur hann komist að þessari niðurstöðu þegar hann segir í næstu setningu að verðið sé viðskiptaleyndarmál?

1. Það eina sem undirritaður veit um orkuverð til orkufreks iðnaðar í Suður-Ameríku er að forstjóri ALCOA sagði fyrir tveim árum að fyrirtækið væri að borga um 25 USD mills/kWst fyrir orku í Brasilíu.

2. Það þarf ekki mikla sérfræðikunnáttu í íslenskum orkumálum til þess að nálgast opinberar tölur m.a. úr ársreikningi og heimasíðu Landsvirkjunar um orkusölu og verð á innanlandsmarkaði til að finna út að á árinu 2008 var orkufreki iðnaðarinn á Íslandi að

borga að meðaltali ekki undir 30 mills/kWst fyrir orkuna.

3. Þetta verð, að frádrægnum flutningi, er sambærilegt eða hærra en það verð sem íslensk orkufyrirtæki hafa verið að selja grunnorku á heildsölustigi á til almennra nota hér innanlands (grunnorka er orka sem keypt er í sama magni allt árið), en það stefnir í að slík orka verði seld á sambærilegu verði til orkufreka iðnaðarins og á almenna innlenda markaðinn enda á svo að vera.

Um 30 prósentu lækun á raforkuverði til almennings

Að lokum örfá orð um verð á raforku til almennra nota á Íslandi. Það er staðreynd að frá árinu 1997, eða á sama tíma og sala á orku til orkufreks iðnaðar hefur aukist mikið, þá hefur verð á heimilisraforku á föstu verði lækkað um nálægt 30 prósent að meðaltali hér á landi og er nú með því lægsta sem gerist í Evrópu. Fyrir þessu eru margvíslegar ástæður m.a. samnýting á afltoppum fyrir almenna markaðinn og umframorku sem er til staðar vegna sölu til orkufreka iðnaðarins, vegna samnýtingar á gufuafl til húshitunar og vegna stærðarhagkvæmni fyrir tilvernað stærra raforkukerfis. Það er efni í nýja grein að fjalla frekar um þetta mál-efni og vonandi gefst tækifæri til þess síðar.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.heljus.is

Hreint loft með cleanaer



cleanaer lofthreinsitæki

- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Hreinsar allt að 56m³ rými
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Fylling endist í allt að 2 mánuði
- Gengur fyrir 2xAA rafhlöðum
- Veggfesting fylgir
- Hljóðlaust

TILBOÐ Á TÆKI OG AUKAFYLLINGU
FULLT VERÐ 12.995
TILBOÐ KR. 9.995



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

EYRARVEGI 21 SELFOSSI - GARDARSBRAUT 18A HÚSAVIK - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK

Hringdu í síma

512

50

60

ef blaðið berst ekki



Atvinnuuppbygging

Sjö stórverkefni á Reykjanesi

ÁRNI SIGFÚSSON
bæjarstjóri í
Reykjanesbæ



Í Reykjanesbæ eru sjö stórverkefni í atvinnusköpun langt komin. Þau eru ólík en eiga það öll sameiginlegt að geta skapað þúsundir vel launaðra starfa. Störfín eru fjölbreytt, fyrir karla og konur, óreynda sem reynda og krefjast mismikillar menntunar. Ný ríkisstjórn þarf að svara því hvort hún hyggst leggja stein í götu þessara verkefna. Það er því miður hægt. Erlendir fjárfestar fylgjast með orðum og gjörðum íslenskra ráðamanna. Neikvæðar raddir sumra þeirra eru þegar farnar að skapa stórhættu gagnvart nokkrum þessara verkefna. 1900 atvinnulausir Suðurnesjamenntun krefjast svara.

1. Íslensk heilsubjónusta seld til útlendinga

Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir undirbúningsvinna íslenskra og erlendra aðila á sköpun tækifæra úr aðstöðu og þekkingu Íslendinga á sviði heilbrigðisþjónustu. Tækifærið er fólgið í að hingað koma útlendingar til að sækja sérhæfðar lækniáðgerðir. Við nýtum tilbúna en vannýttu aðstöðu og þekkingu. Undirbúningur sýnir að þúsundir útlendinga munu nýta sér þjónustuna ef hún býst. Þetta getur skapað hundruð íslenskra heilbrigðis- og þjónustustarfa. Fjögur sveitarfélög leiða stofnun Heilsufélags Reykjaness. Markmið þess er að nýta sem best þau tækifæri sem þarna bjóðast, bæði á sviði lækniþjónustu, þjálfunar, rannsóknna og ferðaþjónustu. Enn bíð ég eftir að fá viðtal við heilbrigðisráðherra til að ræða þessi stóru tækifæri. Hann hefur talað fremur neikvætt í fjölmiðla, séð sér fært að ræða við „bísnessmenn“ um málið en ekki enn séð af tíma til að ræða við okkur bæjarstjórnarmenn.

2. Ferðaþjónusta – 8 milljarða fjárfesting á fimm árum

Undanfarin fimm ár hefur verið fjárfest í ferðaþjónustu á Reykjanesi fyrir á áttunda milljarð króna. Stærstu verkefni eru stækkun Bláa lönsins, stækkun Leifsstöðvar, bygging Víkingaheima, Orkuversins jarðar, Salfiskseturs, byggðasafna, menningarseturs í Duushúsum og gerð tónlistar-sögusýningar í Hljómahöll. Þessu fylgir mikil fjárfesting í gistirýmum. Verkefni eru hluti af metnaðarfullri áætlun til að skapa áhugavert og fjölbreytt umhverfi fyrir ferðamenn og skapa tugi betur launaðra starfa.

3. Atvinnusköpun í tónlist og hugverkum

Tónlistarmenntun hefur verið einn af hornsteinum menntunar í Reykjanesbæ. Þar er rekinn stærsti einstaki tónlistarskóli landsins með um 800 nemendum. Með uppbyggingu á aðstöðu fyrir Tónlistarskóla Reykjanesbæjar í nýju húsnæði, tengdu hinum sögufræga Stapa, tónlistarsölum, tæknirýmum og tónlistarsögusýningu ætlum við okkur stærri hluti á þessu sviði. Við viljum sjá aukin atvinnutækifæri í efldri tónlistarmenntun, nýtingu íslenskrar tónlistar og tengingu hennar við aðra þróun hugbúnaðar, hugmynda og hugverka.



HELGUVÍK Greinarhöfundur segir að vegna álvers og kísilvers í Helguvík munu á þriðja þúsund störf skapast á byggingartíma.



Markmið þess er að nýta sem best þau tækifæri sem þarna bjóðast, bæði á sviði lækniþjónustu, þjálfunar, rannsókna og ferðaþjónustu.

4. Álver í Helguvík – 12 milljarðar þegar komnir í verkið

Vegna álvers og kísilvers munu á þriðja þúsund störf skapast á byggingartíma vegna virkjana, línulagna og álversbygginga, kísilversbygginga og hafnar-gerðar.

Nú er komið á fimmta ár síðan undirbúningur álvers í Helguvík hófst. Álverið leiðir til 400 starfa í álveri og í heild til 1100 starfa. Laun í álveri munu hækka meðallaun á Suðurnesjum verulega. Þá er þegar farið að skoða frekari úrvinnslu álvars í Helguvík eða annars staðar í Suðurlandshöfnum. Bygging álvers var komin af stað í fyrra en hefur hökt í marga mánuði í ríkisstjórn vegna seinfærar afgreiðslu á fjárfestingarsamningi, sem enginn bjóst við að yrði vandamál. Í tíð lágs álveris og bankahruns er þetta afleiðing framkoma og hættuleg verkefni. Samþærilegir samningar hafa verið gerðir fyrir önnur álver hér og jafnvel álver á Bakka hafði fengið slíkt vilyrði. Við höfum einnig beðið eftir viðræðum við nýjan samgönguráðherra í tíu mánuði vegna hafnarframkvæmda. En álverið í Helguvík er látið bíða.

5. Kísilver í Helguvík – fylgst með samningum um álver

Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir undirbúningsvinna vegna kísilvers í Helguvík. Verkefni þarf að vera nærri stórskipahöfn og orku til að framleiða 50 þúsund tonn af kísilsandi úr innfluttum kvartsefnum. Kísillinn er síðan undirstaða fyrir frekari vinnslu, sem gæti fært öðrum landshlutum ærin tækifæri. Jákvætt umhverfismat í Helguvík og lóðarsamningar liggja fyrir. Loforð HS orku hf. um 30 MW af rafmagni til fyrsta áfanga liggur fyrir og verið er að semja um verð. Enn er þörf fyrir kísilefni, m.a. í sólarrafhlöðum. Forsvarsmenn Kísilverksmiðjunnar eru enn reiðubúnir að hefjast handa við byggingu á þessu ári. En áður þarf fjárfestingarsamning. Um 90 manns munu starfa við frumframleiðsluna þegar hún hefst. Laun eru svipuð og í álveri. Við annan áfanga, gerð kísilfna fyrir sólarrafhlöður, skapast um 300 störf í verksmiðju, sem ekki er

þörf á að staðsetja nærri höfn en mikilvæga að hafa nærri orkumannvirkjum. Gangur viðræðna um álver veldur erlendum aðilum áhyggjum.

6. Uppbygging nýrra menntatækifæra

Að Ásbrú, í Reykjanesbæ hefur verið sköpuð brú milli hugmynda og verka. Með uppbyggingu Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs var byggð brú yfir til háskólamenntunar fyrir þá fjölmörgu á Suðurnesjum og víðar sem helst höfðu úr lestinni í framhaldsnámi. Hundruð einstaklinga fá ný tækifæri til að mennta sig og láta drauma rætast. Áhersla á frumkvöðlanám, tónlist, heilsutengt nám, flugtengt starf og nám, orkutækni og kerfisfræði er að skapa mikilvæga sérstöðu fyrir það sem koma skal á Reykjanesi.

7. Rafrænt gagnaver í Ásbrú

Fyrirtækið Verne Holding er að reisa rafrænt gagnaver að Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið keypti stórar skemmur á svæði varnarliðsins og hefur fest sér stórt landsvæði þar til viðbótar. Samningar um frekari úrvinnslu eru á lokastigi. Breytingar á húsnæðinu eru hafnar og erlendur viðskiptavinir virðast áhugasamir þrátt fyrir kreppu. Þar þarf líka fjárfestingarsamning við ríkið. Gagnaverið getur sjálft skapað tugi starfa. Líklega er þó stærsta tækifærið að baki því sú flóra hátæknifyrirtækja sem það er líklegt til að laða að sér.

Fjölbreytt störf – eða stöðnun?

Hér læt ég lokið upptalningu á þeim stórverkefnum sem unnið er að á Reykjanesi. Önnur enn stærri eru í undirbúningi, s.s. auðlindagarður (Eco-park) því við erum hvergi hætt. Þessi verkefni einkennast af fjölbreytni en þau byggja samt á sérstöðu svæðisins, ýmist í auðlindum náttúrunnar, sem okkur þykir vænt um, aðstöðu eða menningu fólksins. Þau þurfa öll stuðning næstu ríkisstjórnar. Við eigum ekki skilið að stjórnmalámenntun tali niður til okkar og þeirra verkefna sem við erum að berjast hér fyrir, hvort sem þau heita álver, heilsubjónusta eða fræðslustarfsemi. Við þurfum stuðning ykkar allra.

Stjórnmal

Í trúnaði

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
skipar fyrsta sæti á
lista VG í Reykjavík-
urkjördæmi suður



Kjörnir fulltrúar hafa mikilvægt hlutverk með höndum. Þeim er trúað fyrir almannahagsmunum og eignum og er ætlað að fara með þetta af trúmennsku og heiðarleika. Á þessa staðreynd eru þeir minntir reglulega og þurfa að endurnýja umboð sitt í kosningum.

Þeir taka við valdi frá almenningi sem á þessar eignir, þessa hagsmuni og þetta samfélag.

Fyrir kemur að kjörnir fulltrúar, þingmenn og sveitarstjórnarfólk missi sjónar af þessu trúnaðarsambandi við sína kjósendur. Slíkt er ekki bara vaktað af almenningi sjálfum, heldur ekki síður af pólitískum keppinautum og svo auðvitað af fjölmiðlum sem hafa gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna í því að halda þessari ábyrgð til haga.

Þegar flokkur hefur ríkt lengi er hætt við því að hann hreiðri um

sig í valdakerfinu öllu, knýi undir sig framkvæmdarvaldið og jafnvel dómsvaldið, fyrirtækin og viðskiptalífið. Hann missir tengslin við sína kjósendur og skilninginn á framsali valdsins, fyllist valdhroka og yfirgangi, og skilningurinn á réttu og röngu verður óljós. Gagnrýnisróddum er vísað á bug, vissan um eigið ágæti og réttinn til að setja siðferðisleg viðmið verður algjör. Umboðið frá almenningi verður aukaatriði og stjórnmálamennirnir sjálfir láta eins og valdið sé þeirra eigið, hagsmunirnir

þeirra og eignir almennings leikmunnir í pólitísku sjónarspili.

Þegar rétt og rangt er orðið heimasmiðað og siðferðið á floti er auðvelt að kaupa og selja ákvarðanir áform og vilja. Peningar skipta um hendur og liðkað er til fyrir niðurstöðum, kaupréttir verða til, vinabönd myndast milli þeirra sem með völdin fara í viðskiptum og stjórnmálum, gjaldmiðillinn er eignir almennings.

Stjórnmálaflokkar sem missa sjónar á grundvallaratriðunum, trúmennsku, og trúnaðarsambandi

við kjósendur þurfa að endurskoða sitt hlutverk og erindi í stjórnmálum. Eftir hrunið, á nýjum byrjunarreit samfélagsins, þarf að byggja á heilindum.

Við vinstri græn viljum varðveita samfélagið í samstarfi við allan almenning, gæta eigna og hagsmuna hans og taka ákvarðanir í þágu aukins jöfnuðar, félagslegs réttlætis og gagnsæis. Þessi sjónarmið eiga ríkt erindi við Ísland á þessum orlagatímum við endurnótun og uppbyggingu samfélagsins. Í þágu almennings.

Framsóknarflokkurinn

Ný forusta í Reykjavík

INGVAR GÍSLASON
fyrirverandi ráðherra



Reykjavík er nú skipt í tvö kjördæmi, Reykjavík norður og Reykjavík suður. Framsóknarflokkurinn býður fram ungt og kraftmikið fólk í báðum kjördæmum höfuðborgarinnar.

Sigmundur Daðvíð Gunnlaugsson umhverfshagfræðingur, nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins, er í efsta sæti listans í norðurkjördæmi Reykjavíkur. Vigdís Hauksdóttir lögfræðingur skipar efsta sæti flokksins í suðurkjördæmi borgarinnar.

Ekki verður því leynt að Framsóknarflokkurinn hefur átt við mótbyr að stríða í Reykjavík undanfarin ár. En nú hefur orðið alger uppstokkun á forustu flokksins. Hann gengur endurnýjaður til kosninga. Framsóknarflokkurinn er gróíð stjórnmálaafli. Hann er elsti starfandi flokkur landsins og hefur verið mótandi kraftur íslensks þjóðfélags í meira en 90 ár og á sér farsæla sögu, þrátt fyrir mótbyr síðustu ára. Þess er að minnast að Framsóknarflokkurinn átti um áratugaskeið tvo þingmenn í Reykjavík og þrjá borgarfulltrúa. Flokkurinn ætti að geta hressst upp á bakland sitt í borginni og endurheimt kjörfylgið. Sigmundur Davíð og Vigdís Hauksdóttir eru glæsilegir fulltrúar framsækings fólks í Reykjavík og ágætlega búin undir að takast á við vanda líðandi stundar og sókn til farsællar framtíðar. Þau hafa m.a. aflað sér góðrar menntunar, sem nýtist þeim vel og styrkir áhuga þeirra og vilja til þess að verða landi og lýð til heilla.

Ég, sem þessar línur rita, hef verið gagnrýnn á þjóðfélagsþróunina á undanförunum árum. Ég hef ekki legið á því að Framsóknarflokkurinn bar af leið í löngu og einhliða samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Forusta flokksins missteig sig í mörgu og vann í mótsögn við þau gildi félagshyggjunnar, sem eru og áttu að vera leiðarljós forustumanna flokksins þá og ævinlega. Ég trúði því að ný flokksforusta bæti úr því sem aflaga fór. Umskiptin í forustunni lofa góðu um framhaldið.

Farartæki framtíðarinnar

6 gíra rafmagnsreiðhjól með Shimano TX50 gírskipti og 250 Watta rafmagnsmótor



SPORT

stærð: 24 tommur
litir: Kóngablár/vínrauður/silfur
verð: 98.900,-



CITY

stærð: 26 tommur
litir: Kóngablár/vínrauður/silfur
verð: 98.900,-



FOLDING

stærð: 20 tommur
litir: Kón ablár/vínrauður
verð: 98.900,-



MOUNTAIN

stærð: 26 tommur
litir: blár/silfur
verð: 98.900,-

www.EL-BIKE.IS

Nánari upplýsingar í síma
864 9265

Melabraut 22, 220 Hafnarfjörður

Vinnubrögð á Alþingi

Sök bítur sekan

ELLERT B. SCHRAM
alþingismaður

Í því málfófi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið uppi síðustu dagana, vegna laga um breytingar á stjórnskrá, flutti undirritaður hugleiðingar um það hvers vegna nauðsyn væri á að auðvelda almenningi aðkomu að ákvarðanatöku á æðstu stöðum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Rök mín voru meðal annars þessi: Yfirlæti, kæruleysi og valdahröki flokks og fólks, sem hefur

tögl og hagdir í ríkisstjórn, forystu atvinnulífs, stjórnsýslu, bönkum, fjölmiðlum, dómstólum og þingi, til margra ára, í krafti atkvæða og annarra hagsmuna, áttu þátt í því að aðhald dvínaði. Í skjóli mikils valds ríkir hollusta, þjónkun og meðvirkni. Andóf er kæft í fæðingu, bitlingum er úthlutað, sérhagsmunir varðir, kunningjakapitalismi stundaður fyrir opnum tjöldum. Valdahafarnir geta stjórnað af geðþótta og vanrækt að setja sér skýrar reglur

Ég minnti á að þegar fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokks-

ins kastaði smjörklípum í allt og alla á landsfundi flokksins, klappaði þingheimur og hló. Sá hlátur var bergmál hugsunarháttar, sem því miður hefur ríkt, að allir hinir sem ekki standa í þessari sömu halaröfu séu annaðhvort með Alzheimer eða álfar út úr hól.

Raunar tók ég fram að í Sjálfstæðisflokknum væri ekki verra fólk en hjá okkur hinum. Valdið eitt og sér og langvarandi völd eru orsök þessarar ógæfu. Ég tók líka fram að aðrir flokkar, Alþýðuflokkurinn gamli, Framsókn og nú síðast Samfylkingin, hefðu tekið þátt

í þessari hraðlest og mátt sín lítils gagnvart valdastéttinni. Menn yrðu hins vegar að horfast í augu við þann veruleika að valdið leiðir til þess hugsunarháttar að „ég komist upp með þetta, af því að ég ræð“. Þessu vildi ég koma í Þingtíðindi áður en ég lét af störfum.

Fyrir þessa ræðu mína fékk ég fjögur andsvör frá reiðum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Skilaboðin voru þau að ég ætti að skammast mín fyrir slíkan málflutning.

Nú, þegar upplýsingar leka út um síðlausar og himinháar styrk-

veitingar til Sjálfstæðisflokksins, leyfi ég mér að benda á, að það þarf enginn að láta eins og þetta komi á óvart. Þetta er afsprengi þess valds, sem þjóðin hefur fært einum stórum stjórnmalaflokki og þess hugsunarháttar „að ég kemst upp með þetta af því ég ræð“.

Og þetta er barasta pínulítið dæmi um allt það sem afleiðingar valds og hroka hafa í för með sér. Ekki vegna þess að menn séu óheiðarlegir, heldur af hinu að þeir sofna á verðinum, af því þeir þurfa ekki að verjast neinu nema sjálfum sér.

Ríkisstjórnin og AGS

Á „trúnó“

EINAR K. GUDFINNSSON
alþingismaður

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því hvernig ástir Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og AGS hafa þróast. Allt byrjað þetta með miklum látum; jafnvel offorsi. Steingrímur hreytti ónotum í AGS þegar ákveðið var að leita eftir lána- fyrirgreiðslu frá sjóðnum. Hann sagði í nefndaráli þegar lánið var afgreitt: „Skilmálarnir sem hengdir eru í lánið eru jafnvel enn verri og meira eyðileggjandi fyrir íslenskt velferðarsamfélag til framtíðar. Það hefur margsannað sig víða erlendis að skilmálar sem þeir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn boðar nú á Íslandi hafa dýpkað fjármálakreppur og gert þær verri í stað þess að leysa úr þeim.“ Og síðar segir hann: „Með samkomulagi þessu er skrifað undir þá staðreynd að það sé í raun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem stjórnir efnahagsáherslum Íslendinga á komandi árum.“ Það er því ekki að furða að hann hafi kallað þetta ógnarskilmála.

Smám saman upphófst nýr kapituli í ástarsöggunni. Í árdaga fjármálaráðherratíðar Steingríms greindi hann frá því að starfsmenn sjóðsins væru viðræðuhæfir og jafnvel bæði gott, gagnlegt og ánægjulegt við þá að tala. Og þetta samband hefur þróast. Steingrímur lætur nú senda margvíslegar upplýsingar um stöðu íslenska þjóðarbúsins og áform stjórnvalda vestur um haf og beint til stofnunar sem hann forðum sagði að gerði aðallega illt verra.

Þar vestra í sitja embættismenn og lesa sér til um hugrenningar Steingríms J. og Jóhönnu um hvernig málum skuli skipað í efnahagsmálum hér á landi. Hversu háa skatta almenningur skuli borga, hve mikið skuli skorið niður í velferðarmálum og vegamálum og öllum þeim málaflokkum sem fyrir niðurskurðarhnífnum verða. Alþingi, sem að lokum samþykkir fjárlög næsta árs, fær fátt að vita. Meðvitað er þess gætt að íslenskur almenn-ingur frétti ekkert. Allt er unnið í reykyfylltum bakherbergjum þar sem viðstaddir eru útvaldir ráðherrar og fulltrúar þeirrar stofnunar sem forðum var sagt að setti okkur ógnarskilmála.

Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir kunna þessu verklagi vel. Þau eru í svo miklu trúnaðarsambandi við AGS. Þau eru sem sé komin á trúnó!

Grillhúsið Tryggvagötu
Gott steikihús

Rifjaveisla í Grillhúsinu

Fimmtudaga til sunnudaga
bjóðum við uppá rjúkandi BBQ grísaríf
1/1 skammtur 2.195 kr.- 1/2 1.695 kr.-

GEVALIA
Það er kaffið

Hunt's
fullt af fjöri

GOTT STEIKHÚS Í 18 ÁR! Grillhúsið Tryggvagötu 20.